



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

- VEÐURSTÖÐVAR OG SKRÁNINGARTÆKI -

Álit vinnuhóps á Vatnsorkudeild

OS-83052/VOD-25 B

Júní 1983



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

- VEÐURSTÖÐVAR OG SKRÁNINGARTÆKI -

Álit vinnuhóps á Vatnsorkudeild

OS-83052/VOD-25 B

Júní 1983

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR	3
2 VEÐURATHUGANIR í VINNUBÚÐUM	3
3 SJÁLFVIRKAR VEÐURSTÖÐVAR	3
3.1 Eskileg ný svæði	4
3.2 Veðurþættir og kostnaður	5
4 SKRÁNINGARTÆKI - STEFNUMÖRKUN	6
4.1 Flókin tæki	6
4.2 Einföld tæki	7
VIÐAUKI	8

1 INNGANGUR

Á 54. fundi Vatnsorkudeildar 30. maí 1983 voru Árni Snorrason, Björn Erlendsson, Jósef Hölmjárn og Kristinn Einarsson skipaðir í vinnuhóp til að gera tillögur um veðurathuganir í vinnubúðum og með sjálfvirkum veðurstöðvum í þágu virkjunarathugana. Formaður vinnuhópsins var Kristinn Einarsson. Hópurinn gaf munnlega áfangaskýrslu á 55. fundi VOD 20. júní 1983.

Í beinu framhaldi af verkefni vinnuhópsins kom til álita stefnumörkun varðandi sjálfvirk skráningartæki, en notkun þeirra er ekki eingöngu bundin við veðurathuganir.

Hér á eftir fara tillögur við vinnuhópsins um veðurathuganir í vinnubúðum og með sjálfvirkum hætti auk tillagna um stefnumörkun varðandi sjálfvirk skráningartæki.

2 VEÐURATHUGANIR Í VINNUBÚÐUM

Par sem því verður við komið með auðveldum hætti er rétt að gera veðurathuganir í vinnubúðum. Mikilvægast er að mæla úrkому og hita.

Úrkoma er mæld í venjulegum regnmæli tvisvar á dag meðan verið er í bðónum, en safnað saman yfir fríhelgar. Hiti er mældur prisvar á dag með kvikasilfursmæli og jafnframt er hitasíriti láttinn ganga. Aðrar athuganir eru framkvæmdar eftir atvikum og ef ástæða þykir til. Veðurathuganir eru skráðar í bækur frá Veðurstofunni, sem skilað er þangað eftir að þær hafa verið ljósritaðar á Orkustofnun.

Prátt fyrir oft og tíðum vandlega gerðar athuganir í vinnubúðum, verður þó að segjast að þær koma að takmörkuðu gagni nema mælt sé á sama stað minnst tvö sumur og helst þrjú. Kemur þar til að þá fyrst verður tölfraðilegt samband við samsvarandi veðurþáttí á veðurstöðvum í byggð sémilega marktækt. Galli er enn fremur að eingöngu fást upplýsingar yfir hásumarið.

3 SJÁLFVIRKAR VEÐURSTÖÐVAR

Nú er í gangi ein sjálfvirk veðurstöð, sú fyrsta á landinu. Er hún við Stóralæk á Fljótsdalsheiði, um 5 km NA af Snæfelli. Rekstur hennar byrjaði í október 1980. Fyrstu two veturna skilaði hún mjög slitróttum gögnum um hitastig. Frá nóvember 1982 hefur hún skilað samfelldum gögnum um hita og vindhraða, sem sett eru í tvö endurbætt skráningartæki í stað eins áður. Byrjunarerfiðleikar mega teljast yfirstignir, en miklar bilanir og jafnvel forritunarvillur hafa hrjáð skráningartæki þau sem smíðuð voru hjá Raunví sindastofnun.

Fjallað verður um skráningartæki almennt og stefnumörkun varðandi þau í sérkafla, en fyrst skal fjallað um þau svæði þar sem æskilegt er að gerðar séu sjálfvirkar veðurathuganir.

3.1 Æskileg ný svæði

Veðurstöðvar yfir 300 m yfir sjó eru nú sjö, yfir 400 m eru þær fjórar, yfir 500 m tvær, Hveravellir og Stórilækur, en þær eru báðar í rúmlega 600 m hæð yfir sjó. Segja má þó að Sigalda sé dottin út sem veðurstöð, og bætist þá aðeins Möðrudalur í hópinn milli 400 og 500 m.

Augljóst er því með tilliti til virkjunarhugmynda þeirra sem uppi eru, að þörf er á mælingum allviða á hálandinu.

Æskilegir nýir mælistaðir eða svæði verða nefnd hér réttsælis um landið frá Reykjavík:

- 1) Blanda við Prístiklu, nálægt fyrirhuguðu miðlunarhlóni í um 490 m y.s.
- 2) Austari-Jökulsá, Skagafirði, nálægt Orravatnsrústum í um 740 m y.s.
- 3) Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga, (hjá safnmæli) í 550 m y.s.
- 4) Hverfisfljót, til dæmis við Laufbalavatn í um 550 m y.s.
- 5) Markarfljót við Emstrubrú í um 440 m y.s.
- 6) Tungnaá við Ljósufjöll, (hjá safnmæli) í 645 m y.s.
- 7) Tungnaá við Sigoldu í 465 m y.s.
- 8) Efri-Pjórsá við Kjalöldur, (hjá safnmæli) í 590 m y.s.
- 9) Efri-Pjórsá við Sandbúðir í 821 m y.s.

10) Hvítá í Árnessýslu, Bláfellsháls, (hjá safnmæli) í 550 m y.s.

Hér eru aðeins nefndir mikilvægustu staðirnir, nýir eða fyrrum aflagðir. Ennfremur væri full ástæða til að koma upp sjálfvirkri veðurstöð samhliða stöð Veðurstofunnar á Hveravöllum og jafnvel í Reykjavík til samanburðar og tilrauna með mælingar nýrra veðurþátta.

3.2 Veðurþættir og kostnaður

EKKI er nóg að tiltaka mælistaði, einnig þarf að huga að því hvað mæla skuli.

Einfalt og ódýrt er að mæla hita, termistorar kosta ca. 2-3.000 kr. og sjálfsagt er að setja hitamælingar í fyrsta sæti, enda gefa þær upplýsingar sem gilda fyrir allstórt svæði í kring og hafa mikla þýðingu varðandi snjó- og jökulbráð.

Fremur einfalt og ódýrt er að mæla raka og kosta rakamælar ca. 7-13.000 kr. Rakamælir hefur ekki verið reyndur á Fljótsdalsheiði. Slíkar mælingar geta haft þýðingu varðandi ísingum á raflínum. Að viðbættum athugunum á skýjahulu, sölskinsstundum eða inngeislun, auk hita og vindhraða, er hægt að reikna gnöttargufun.

Vindhraði er mældur á Fljótsdalsheiði. Er það einfalt á stöðum þar sem ekki gætir um of hafrænna áhrifa og þar með ísingar, en fremur dýrt. Vindhraðamælir af skrúfugerð, eins og er á Fljótsdalsheiði, kostar um 105.000 kr. Vindhraðamælingar eru mikilvægar til útreikninga á vindá lagi og ísingum vegna raflína og á ísalögum í skurðum, farvegum og lónum.

Úrkomu, regn og snjó, er mjög erfitt að mæla, en þekking á henni er jafnframt mjög mikilvægt atriði til útreikninga á rennsli. Hlutfall milli flatarmáls á opi og geymi í úrkomusafnmælum á hálendinu er 1:10. EKKI er því hægt að setja í þá nema (sensora) fyrir skráningartæki óbreytta, burtséð frá allri ónákvæmni sem slíkum safnmælum fylgir miðað við venjulega regnmæla. Með tilvisun til greinar eftir Gunlöög Wennerberg í Vannet í Norden Nr.1-1983 er lagt til að athuga með breytingar á safnmæli (hlutfall annað), t.d. við Kjalöldur og þá í samræði við Landsvirkjun, og tengja hann við sjálfvirka veðurstöð. Jafnvel mætti setja í kringum hann Wyomingskerm,

svipað því sem gert er í Alaska, til þess að draga úr vindáhrifum. Hægt væri að mæla með nákvæmni upp á 1 mm, ef hlutfall flatarmála á opi og geymi væri haft 1:1.

Annan safnmæli mætti hafa við hliðina, án Wyomingskerms, og finna síðan leiðréttigarstuðla miðað við vindhraða til notkunar á öðrum stöðum. Undirstrikar sá möguleiki enn mikilvægi vindhraðamælinganna.

Benda má á að þrýstiskynjarar munu vera orðnir áreiðanlegri en áður. Þeir hafa t.d. staðist mælingar í Geysi í Haukadal svo sölarhringum skipti svo og í borholum á Fljótsdalsheiði.

Jafnvel mætti gera tilraunir með snjómælingar einnig, sjá ofannefnda grein í Vannet í Norden. Tilraunir varðandi þetta efni væri einnig tilvalið að gera á Hveravöllum. Ekkert skal fullyrt um kostnað við sjálfvirkar úrkomu- eða snjómælingar á þessu stigi, þó yrði hann vart meiri en við vindhraðamælingarnar.

4 SKRÁNINGARTÆKI – STEFNUMÖRKUN

Að áliti höfunda þessarar greinargerðar eru tveir kostir fyrir hendi í stefnumörkun varðandi skráningartæki. Eru þeir raktir hér á eftir. Astæða þótti til að fá óháð mat og samanburð á þessum kostum. Var því Örtölvutækni sf. með bréfi dags. 21. júní 1983 falið að gefa umsögn um þá, sjá viðauka.

4.1 Flókin tæki

Skráningartæki svipaðrar gerðar og smíðuð hafa verið á Raunvisindastofnun og í notkun eru á Fljótsdalsheiði köllum við flókin. Örtölvu í þeim framkvæmir fremur stóran hluta úrvinnslu og á þeim er talnaskjár (display) og takkaborð, sem hægt er að nota til útlestrar og stýringar. Hvert tæki er dýrt, pannig virðist sem tæki sem verið er að hanna á grundvelli RHÍ tækjanna muni kosta um 90.000 kr. Lesið er út á venjulegt ferðasegulband og hefur sú aðferð miklar villur í för með sér. Mikla aðgætni með takkaborðið þarf við að sækja gögnin.

Við teljum ekki hagkvæmt að nota svo flókin tæki nema þau séu mjög fá í notkun, jafnvel ekki nema tvö til þrjú.

4.2 Einföld tæki

Séu fleiri tæki en tvö til þrjú í notkun kemur önnur lausn til álita. Þar er um að ræða einföld tæki án talnaskjás eða takkaborðs. Efnisverð slíkra tækja miðað við allt að 8 rásir og 32 K minni er um 36.000 kr. Leggja þyrfti um 6 mánaðarverka vinnu í forritun, en samsetning er mjög einföld.

Séu tækin orðin fleiri, t.d. tíu, má hugsa sér lækkun efniskostnaðar með því að sérteikna prentrásir í tækin, í stað þess að kaupa brettin tilbúin erlendis frá.

Þessi lausn innifelur að farið yrði með litla ferðatölву með innbyggðu stafrænu segulbandi og prentara á staðinn til að sækja gögnin. Slík ferðatölva kostar um 36.000 kr. Hún hefur þann stóra kost að forrita má hana í BASIC í stað ASSEMBLER, og forrita þannig úrvinnslu gagna á einföldu forritunarmáli í stað mjög flókins. Mikill tími myndi þannig sparast, auk þess að hægt yrði að meta gögnin á staðnum og komast þannig fyrir um bilanir eða aðra óreglu þegar í stað, en ekki í bænum að lokinni dýrri ferð með aðra slíka framundan. Slíka ferðatölву er síðan hægt að tengja við VAX-tölву Orkustofnunar og yfirfæra gögnin beint á hana.

Einföld tæki þýða minni bilanatiðni og minni möguleika á mannlegum mistökum. Jafnframt eru þau ódýrarí en þau flóknar og þurfa minni orku. Þau eru einnig fjölhæfari, og væri hægt að nota þau við mjög fjölbreytt verkefni, t.d. mælingar í borholum, segulmælingar, vatnamælingar o.fl.

Vinnuhópurinn leggur til að smiði einfaldra skráningartækja verði athuguð mjög gaumgæfilega.

VIÐAUKI

Bréf til Örtölvutækni sf.

ORKUSTOFNUN

Dags.

1983-06-21

Tilv. vor

360-910-KE

Dags.

Tilv. yðar

Örtölvutækni sf.
Garðastræti 2

101 REYKJAVÍK

Efni: Athugun á hagkvænni mismunandi skráningartækja

Orkustofnun, Vatnsorkudeild, fer þess hér með á leit, að Örtölvutækni sf. kanni lauslega umfang og kostnað við smíði einfaldra en fjölhæfra skráningartækja til nota við sjálfvirkar mælingar í byggðum sem óbyggðum, og gefi umsögn um hagkvænni slíkra tækja miðað við flóknari tæki sem eru í notkun eða smíðum hér á landi.

Miða skal við 8 rása tæki með 32 k EPROM eða EEPROM minni á tveimur brettum, stýritölvi á öðru en minni fyrir gögn á hinu (umskiptanlegt). Ennfremur að úttak sé beint í ferðatölvi, sem farið er með á staðinn hverju sinni til skoðunar, túlkunar og upptöku á mældum gildum. Þannig er ekki gert ráð fyrir takkaborði eða stafaglugga á söfnunartækinu.

Bera skal saman two kosti samkvæmt ofansögðu:

- 1) að kaupa brettin tilbúin erlendis frá
- 2) að teikna brettin sérstaklega og smíða hérlendis.

Óskað er eftir að fram komi áætlaður fjöldi vinnustunda við smíði og forritun pr. tæki eða í heild svo og innkaupsverð hluta sem nauðsynlegir eru skv. hvorum kosti um sig.

Umfang þessarar könnunar áætlast að vera 1-2 dagar. Um nánari skýringar varðandi verkefnið vísast til Jósefs Hólmjárn, Orkustofnun.

Virðingarfyllst

Kristinn Einarsson
Orkustofnun
Vatnsorkudeild